



**Skóli Ísaks Jónssonar**  
Sjálfseignarstofnun



**Velkomin í Ísaksskóla**

# Skóli Ísaks Jónssonar

Heimilisfang: Bólstaðarhlíð 20 , 105 Reykjavík  
Sími: 553 2590  
Kennitala 600269-4889

Netfang: [isaksskoli@isaksskoli.is](mailto:isaksskoli@isaksskoli.is)

Skólastjóri Sigríður Anna Guðjónsdóttir [siganna@isaksskoli.is](mailto:siganna@isaksskoli.is)  
Skrifstofustjóri Lára Jóhannesdóttir [lara@isaksskoli.is](mailto:lara@isaksskoli.is)

Skrifstofa skólans er opin virka daga frá kl. 8:00 - 16:00.

Upplýsingar um skólagjöld má finna á heimasíðu skólans <https://www.isaksskoli.is/um-skolann/skolagjold/>

**Skóli Ísaks Jónssonar** er sjálfseignarstofnun sem sinnt hefur menntun yngstu nemenda grunnskólans og elstu barna leikskólans í 97 ár frá stofnun hans 1926. Skólinn fer í öllu að grunnskólalögum og því er Aðalnámskrá grunnskóla það leiðarljós sem fylgt er við gerð skólanámskrár.

**Skólinn er fyrir 5 ára nemendur og nemendur 6, 7, 8 og 9 ára bekkja.** Fjöldi nemenda í hverjum bekk er að jafnaði 17 – 21, en þeir geta í einstökum tilfellum verið færri eða fleiri.

**Það er meginmarkmið Skóla Ísaks Jónssonar að vera ávallt í fremstu röð grunnskóla í landinu á yngsta aldurstiginu.** Nemendur í 4. bekk hafa almennt staðið sig vel á samræmdum prófum og að jafnaði verið yfir landsmeðaltali. Skólinn leggur metnað í kennslu í íslensku og stærðfræði. Auk þess er lögð rík áhersla á tónlist og myndmennt, leikfimi og útiveru. Enska er kennd frá 5 ára aldri og spænska frá 6 ára aldri.

**Í skólanum er lögð áhersla á söng.** Nemendur læra nýja söngtexta í hverri viku. Söngurinn styður vel við lestrarnám barnanna, eykur málskilning þeirra og orðaforða.

Samsöngur nemenda í sal skólans er tvisvar í viku og eru foreldrar velkomnir.

Í skólanum eru heilbrigðir lífshættir hafðir að leiðarljósi. Lögð er áhersla á jákvætt lífsviðhorf og að styrkja sjálfsmynd barnanna. Við viljum mæta börnunum þar sem þau eru stödd og markvisst leiða þau áfram í átt til aukinnar færni og þroska.

**Faglegur metnaður er í fyrirrúmi í skólastarfinu.** Í skólanum er lögð áhersla á að kenna nemendum markviss og öguð vinnubrögð og við viljum hafa vinnufrið í skólastofunni.



## Skólareglur

### Stundvísi

Nemanda ber að mæta stundvíslega í skólann.

### Fjarvistir

Fjarvistir og veikindi skal tilkynna til skólans eins fljótt og auðið er. Alltaf þarf að sækja um leyfi fyrir nemanda. Ef leyfið stendur lengur en tvo daga þarf að sækja um það sérstaklega til skólastjóra. Áriðandi er að skólinn sé látinn vita um allar breytingar á mætingu barns t.d. vegna veikinda eða annarra ástæðna. Skólinn reynir að koma til móts við langveik börn sem þurfa að vera inni t.d. vegna skólaferða eða þegar mengun fer yfir eðlileg mörk.

Í skólanum eru ekki aðstæður til að sinna veiku barni. Veikist það og fái hita þarf það að dvelja heima í einn til tvo daga eftir að það verður hitalaust.



### Hlýðni - kurteisi

Nemanda ber að koma fram af trúðmennsku og háttvísi og sýna almenna kurteisi. Nemandi á að hlýða skilyrðislaust kennurum og öðru starfsfólki skólans, bæði í kennslustofu og á göngum, sem og úti á skólalóð.

### Virðing

Nemandi skal sýna sjálfum sér, bekkjarsystkinum og skólasystkinum virðingu, sem og öllu starfsfólki skólans.

### Umgengni

Nemandi á að ganga vel og snyrtilega um skólann og umhverfi hans. Hlaup, háreysti og óþarfa læti á göngum eru með öllu óheimil.

## Við upphaf skólagöngunnar

1. Skólinn notar Mentor kerfið til að halda utanum skólastarfið og [hér](#) er hægt að nálgast notendahandbók fyrir Mentor.
2. **Aukaföt - aukasokkar**, í skólatöskunni. Um helgar þarf að taka útiföt(polla- og snjógalla) heim og þvo.
3. **Aukataska** á snaga undir aukaföt fyrir Sunnuhlíð / Sólbrekku.
4. **Stundvísi** er mjög mikilvæg. Það er erfitt fyrir barnið að koma of seint inn í skólastofuna. Nauðsynlegt er að láta vita af fjarvistum.
5. **Vatn** á barnið hafa með sér í flösku / vatnsbrúsa. Það er hressandi að fá sér vatnssopa eftir frímínútur og eftir leikfimi.
6. **Afmæli**. Það er ekki skylda að bjóða í afmæli. Góð regla er að bjóða annað hvort bara stelpum eða bara strákuum eða hafa allan hópinn saman (ef þið treystið ykkur til). Það er líka í lagi að bjóða 1-3 börnum úr bekknum.

*Ekki er í boði að hafa afmæli á skólatíma í skólastofu.*

7. **Bekkjarlistar**. Skólinn notar Mentor til samskipta og aðstandendur geta einnig notað Mentor til að senda tölvupósta á aðstandendur bekkjarfélaga barna sinna. Ef aðstandandi velur bekkjarlista getur hann séð nöfn allra nemenda í bekknum. Aðstandendur geta sent tölvupóst á þessa lista eða valið einstaklinga af listunum með því að haka í viðkomandi reiti. Aðstandendur sjá aldrei netfang annarra aðstandenda, aðeins nafn þeirra sem póstur er sendur til. Þegar aðstandendur senda póst kemur netfang sendanda fram. Athugið að ef aðstandandi hefur valið að vera ekki sýnilegur á tengiliðalista þá fær hann ekki póst sem er sendur á bekkinn.

8. **Leikfimiskór (tátíljur) koma börnin með að hausti.** Þeir eru geymdir í skólanum og þeim skilað heim að vori.
  
9. **Söngur** er stór og mikilvægur þáttur í skólastarfinu. Börnin syngja með kennurum í skólastofunni, en einnig á sal með öðrum nemendum skólans í söngstundum. Ætlast er til að foreldrar kveðji börn sín í upphafi skóladags, áður en söngur hefst.

**Alla jafna hafa foreldrar verið velkomnir í söngstund á föstudagsmorgnum kl. 08:30 og á söngæfingum í miðri viku. Vegna mismunandi sóttvarnartakmarkana þessi misserin er ekki hægt að gera ráð fyrir föstum söngstundum sem stendur. Því munum við skipuleggja eftir bestu getu og láta vita með tölvupósti þegar svo ber undir að við getum tekið á móti foreldrum í söng á sal.**

**Söngskrá má finna á heimasíðu skólans, [www.isaksskoli.is](http://www.isaksskoli.is)**

## Skóladagur 6-9 ára nemenda

**Kl. 7:30** Skólinn opnar fyrir þau börn sem eru skráð í morguntíma í Sólbrekku.

**Kl. 8:30 - 10:00** Kennsla og ávaxtastund

**Kl. 10:00 - 10:20** Frímínútur

**Kl. 10:20 - 11:40** Kennsla

**Kl. 11:40 - 12:00** Næðisstund og matur

**Kl. 12:00 - 12:40** Frímínútur

**Kl. 12:40 - 14:10** Kennsla

Kennslu lýkur daglega kl. 14:10. Þau börn sem ekki eru sótt kl 14:10 fara í Sunnuhlíð og geta verið þar til kl. 17:15 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 16:15 á föstudögum.

## Skóladagur 5 ára barna

**Kl. 7:30** Skólinn opnar fyrir þau börn sem eru skráð í morguntíma í Sólbrekku.

**Kl. 8:30 - 10:00** Kennsla og ávaxtastund

**Kl. 10:00 - 10:20** Frímínútur

**Kl. 10:20 - 11:40** Kennsla

**Kl. 11:40 - 12:00** Næðisstund og matur

**Kl. 12:00 - 12:40** Frímínútur

**Kl. 12:40 - 13:25** Kennsla

Kennslu lýkur kl. 13:25. Þau börn sem ekki eru sótt kl 13:25 fara í Sólbrekku og geta verið þar til kl. 17:15 mánudaga til fimmtudaga og til kl. 16:15 á föstudögum.

Fimm ára börnum er boðið í heimsókn í skólann að vori áður en þau hefja nám. Við upphaf skólaárs eru þau boðuð með foreldrum sínum í viðtal við verðandi kennara sinn.

## Að heilsa og kveðja

Við upphaf og í lok hvers skóladags er lögð áhersla á að börn heilsi og kveðji kennara sinn og starfsmenn. Þá er mikið lagt upp úr því að börn horfi í augu starfsmanna skólans þegar rætt er við þau.

## Námsgögn

Skólinn útvegar námsgögn sem nemendur þurfa að nota, þar með taldar skólabækur, stílabækur, reikningsbækur og ritföng. Það eina sem nemendur koma með í upphafi skólaárs eru **tátíljur** fyrir íþróttir.



## Sund

Nemendur fara í skólasund í Sundhöll Reykjavíkur. Farið er með rútu frá skólanum. Allir koma með sundföt, handklæði og sundgleraugu í sundpoka. Stúlkur eiga að vera í sundbolum, ekki tvískiptum sundfötum. Þeir sem eru með sítt hár skulu setja hárið í teygju áður en þeir fara að heiman að morgni.

## Tómstundir eftir skóla

Að loknum skóladegi 6-9 ára barna er boðið upp á skipulagt tómstundastarf í Sunnuhlíð. Einnig er boðið upp á að nemendur sækji námskeið úti í bæ frá skólanum. Þetta á við um fótbolta, handbolta og körfubolta í Valsheimilinu. Þá eru nemendur keyrðir í rútu frá skólanum og síðan sækja foreldrar nemendur eftir æfingar í Valsheimilið. Tómstundir sem boðið er upp á greiða foreldrar beint til námskeiðshaldara en þátttaka nemenda í skólakór er foreldrum/forráðamönnum að kostnaðarlausu. Fljótlega eftir að skólinn hefst á haustin liggur tómstundaframboð í skólanum fyrir.

## Væntingar til foreldra

Mikilvægt er að foreldrar séu í góðum tengslum við skólann og:

- sýni námi barnsins áhuga.
- ef upp koma mál á milli barns og starfsmanns þá reiknum við með að það sé rætt milliliðalaust við viðkomandi.
- tryggi barninu nægan svefn.
- tryggi barninu hollt nesti í skólanum.
- stilli umsóknum um leyfi barna frá skóla í hóf.
- virði lög um útivist barna.



## Svefn

Mikilvægt er að börn fái nægan svefn og hvíld. Fái börn ekki nægan svefn geta þau hvorki notið námsins né sinnt því starfi sem fram fer í skólanum.

Hæfilegur svefn er talinn vera:

5 - 8 ára börn: 10 -12 klukkustundir á sólarhring.

9 - 12 ára börn: 10 - 11 klukkustundir á sólarhring.

## Lyf - ofnæmi

Ef nemandi notar lyf að staðaldri er mikilvægt að láta skólahjúkrunarfræðing vita, því nauðsynlegt er að hafa allar upplýsingar um lyfjagjafir í skólanum. Óheimilt er að senda börn með lyf í skólann. Ef nemandi er með ofnæmi er mikilvægt að kennari, skólastjóri og skólahjúkrunarfræðingur viti af því til að hægt sé að skipuleggja viðeigandi viðbrögð starfsmanna við ofnæmiskasti.

## Bekkjarfulltrúar

Bekkjarfulltrúar eru tveir í hverjum bekk. Umsjónarkennari sér um að bekkjarkvöld séu einu sinni á misseri og óskað er eftir að bekkjarfulltrúar og aðrir foreldrar leggi á borð og gangi sameiginlega frá að skemmtun lokinni.

## Óskilamunir

Á hverjum degi gleymist eitthvað í skólanum. Æskilegt er því að fót nemenda séu merkt. Óskilamunir eru í körfum á göngum skólans.

## Myndataka

Árlega eru teknar myndir af nemendum í öllum bekkjum skólans. Foreldrum býðst að kaupa þessar myndir.

## Aðkoma að skólanum

Ekið er að skólanum við aðalinngang skólans og við austurenda hans. Á álagstímum er þarna mikil umferð og mikillar aðgæslu er þörf. Vinsamlega varist hættur sem í umferðinni felast og hjálpið börnum ykkar að finna öruggustu leiðina í skólann. Foreldrar þurfa að sækja börn sín inn á skólalóðina að skóladegi loknum. Foreldrar eru beðnir um að skilja bíla sína ekki eftir í lausagangi.

## Gæludýr

Bannað er að vera með gæludýr inni í skólanum og á skólalóðinni.

## Foreldrafélagið

Starfsemi foreldrafélaga í grunnskólum er breytilegt frá einum tíma til annars. Vel rekið og virkt foreldrafélag er af hinu góða. Foreldrar hafa þar vettvang til að ræða saman um skólagöngu barnanna og hvað eina sem varðar uppeldi og menntun.

## Óveður

Telji foreldrar veður með þeim hætti að börnum þeirra kunni að stafa hætta af því að fara í skólann halda þeir barninu heima og tilkynna skólanum um þá ákvörðun. Sama gildir frá skólans hendi sé veður mjög slæmt við lok hefðbundins skóladags getur skólinn óskað eftir því að foreldrar sæki börnin sín.

## Viðtalstímar kennara

Umsjónarkennari er með viðtalstíma á stundaskrá og hægt er að hringja eða koma og ræða við hann um barnið á þeim tíma. Hægt er að láta liggja skilaboð til kennara á skrifstofu skólans og kennari hringir til baka um leið og hann getur.

## Aðrar upplýsingar

Á heimasíðu Ísaksskóla, [www.isaksskoli.is](http://www.isaksskoli.is) má finna fjölbreyttar upplýsingar um annað starf í skólanum.



# Nestistímar

Daglega eru þrjár nestistímar í skólanum

## Kl. 9:45 er ávaxtastund

Foreldrar sjá um að nesti barnið sitt fyrir ávaxtastund.  
Ávextir eða grænmeti, ekkert annað.

## Kl. 11:40 er hádegismatur

Foreldrar sjá um að nesti barnið sitt fyrir hádegismat  
– eða –  
barnið er í áskrift að heitum mat í hádeginu.

## Kl. 14:10 - 14:30 er síðdegishressing

Foreldrar sjá um að nesti barnið sitt.  
Samloka og ávextir eða grænmeti.

Í skólanum drekka nemendur eingöngu vatn.  
Gosdrykkir og fernudrykkir eru ekki leyfðir

# Vatn

**Nauðsynlegt er  
að hafa alltaf vatnsbrúsa í töskunni.**



**Kæru foreldrar**  
**Mikilvægt er að fylla brúsann heima.**

## Skólanesti

Í skólanum drekka nemendur eingöngu vatn og skulu því ávallt hafa vatnsbrúsa í töskunni. Muna að fylla á hann heima.

## Litla nestið

Á undan fyrri frímínútum er litla nestið. Þá er leyfilegt að koma með ferska ávexti og/eða ferskt grænmeti.

Nestið skal vera niðurskorið og aðgengilegt, t.d. gengur börnum betur að klára heilt epli sé það niðurskorið eða mandarínur sem búið er að afhýða.

Ef börnin þurfa skeið eða gaffal til að borða nestið þá skal það fylgja nestisboxinu.

### *Dæmi um litla nestið*

Epli, banani, pera, mandarína, appelsína, plóma, jarðarber, vínber, melóna, kíví (gott er að skera kíví í bita líkt og epli), mangó, gúrka, tómatur (t.d. kirsuberjatómatar), gulrót, paprika, blómkál, spergilkál, rófa og avocado (lárpera).



## Hádegismatur

Þeir nemendur sem ekki eru í mataráskrift koma með hollan og góðan hádegismat að heiman.

Hádegismaturinn þarf að vera tilbúinn til neyslu.

### *Dæmi um hádegismat*

Gróft brauð, skyr, grjónagrautur, egg (soðið, eggjahræra o.s.frv.), kjötbollur, fiskibollur, pastaréttur, grjónagrautur (einungis með kanil ekki sykri) og kjúklingur með meðlæti.

Hægt er að hita mat heima að morgni dags og koma með í skólann í hitaboxi. Maturinn helst þá heitur fram að hádegismat.

## Gæslunesti

Áður en skóla lýkur fá nemendur sér síðdegishressingu.

Síðdegishressingin skal vera holl, góð og aðgengileg.

### *Dæmi um gæslunesti*

Samloka, flatkaka, ávextir, þurrkaðir ávextir (ósykraðir), grænmeti, skyr og grísk jógúrt.



### *Það sem ekki er talið hollt og gott:*

Sælgæti og gos eru aldrei leyfileg sem nesti.

Sætabrauð hvers konar (t.d. kanilsnúðar og kleinur) og röradrykkir eru heimilir á sérstökum dögum.

Ekki er heimilt að koma með köku í skólann þó svo að um holla köku sé að ræða. Börn gera ekki greinarmun á slíkum kökum.

Sætt kex, heilsustykki (t.d. Corny, Special K o.s.frv.), þurrkaðir ávextir sem eru sykraðir, súkkulaðismjör (t.d. Nutella).

Forðast að senda nemendur með sykraðar mjólkurvörur í skólann. Ekki má koma með jógúrt með súkkulaðikorni.

# Starfsfólk Skóla Ísaks Jónssonar hlakkar til samstarfs við ykkur í vetur

